

19. desember 1972.

681

Nr. 320.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt.

1. gr.

Á allar fasteignir, sem metnar eru fasteignamati, sbr. þó 6. gr., skal árlega leggja skatt til sveitarfélags, þar sem fasteign er.

Fasteignaskattur skal miðaður við fasteignamat samkvæmt nánari reglum í 2.—5. gr. reglugerðar þessarar og skal greiddur hvort sem eignin er notuð eða ekki.

2. gr.

Fasteignaskattur skal nema $\frac{1}{2}\%$ af fasteignamati íbúða og íbúðarhúsa ásamt lóðarréttindum. Enn fremur $\frac{1}{2}\%$ af fasteignamati erfðafestulanda og jarðeigna, ef lönd þessi eru ekki nytjuð til annars en landbúnaðar. Sama gildir um landbúnaðar-mannvirki á bújörðum.

Til landbúnaðar, sbr. 1. mgr., skal telja búfjárrækt, loðdýraeldi, eldi vatna-fiska og svo gras-, garð- og ylækt, ef lögð er stund á þessar greinar í þeim mæli, að talizt getur atvinnurekstur eða þáttur í atvinnurekstri.

Þar sem skógrækt er stunduð, skal land skattlagt samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Sama á við mannvirki, sem notuð eru í þágu skógræktar og nauðsynleg verða talin.

3. gr.

Af fasteignamati annarra fasteigna en taldar eru í 2. gr. skal fasteignaskattur vera 1%.

Af sumarbústöðum og landi, sem þeim fylgir, skal greiða fasteignaskatt samkvæmt þessari grein.

Fasteignir, sem notaðar eru til reksturs hótela og gististaða, þar með talin veiðihús, og fasteignir, sem nýttar eru í þágu húsdýrahalds sem tómsundaiðju fyrst og fremst, skulu því skattlagðar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

4. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að innheimta álag á fasteignaskatt samkvæmt 2. og 3. gr., annarri eða báðum. Álag má ekki vera hærra en 50% og þarf ekki að vera jafnhátt samkvæmt báðum greinum.

5. gr.

Auk þess skatts, sem um ræðir í 2.—4. gr., er sveitarstjórn heimilt að leggja skatt á hlunnindi, sem eru í eigu og afnotum utansveitarmanna, allt að 4% af virðingarverði hlunnindanna.

6. gr.

Undanþegin fasteignaskatti eru: 1. Sjúkrahús, heilsuhæli og endurhæfingarstöðvar. 2. Öryrkja- og elliheimili. 3. Kirkjur og önnur hús, þar sem fram fara trúariðkanir viðurkenndra trúfélaga. 4. Skólar, rannsóknarstöðvar, bókasöfn og önnur

safnahús. 5. Barnaheimili. 6. Orlofsheimili launþegasamtaka. 7. Félagsheimili og samkomuhús. 8. Íþróttahús.

Skilyrði fyrir undanþágu samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar er, að húsnæðið sé í eigu þess aðila, sem tilgreinda starfsemi annast, og að ekki sé um rekstur í ágóðaskyni að ræða. Undanþágan nær heldur ekki til húsnæðis, sem notað er til atvinnurekstrar eða til íbúðar fyrir starfsfólk. Sé framangreint húsnæði jafnframt haft til annarra nota, svo sem til íbúðar fyrir aðra en húsverði, greiðist skatturinn hlutfallslega miðað við slík afnot.

Ofangreind undanþága nær einnig til lóðar húss, að því leyti sem lóðarafnotin eru nauðsynleg fyrir þá starfsemi, sem um er að ræða.

Undanþegin fasteignaskatti eru enn fremur hús annarra ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í millirikjaerindum. Sama gildir um lóðir húsanna.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt, sem efnalitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Sama gildir um slíka lífeyrisþega, sem ekki hafa verulegar tekjur umfram elli- og örorkulífeyri.

Heimilt er sveitarstjórn að undanþiggja nýjar íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðar-réttindum fasteignaskatti í allt að tvö ár, eftir að afnot hefjast.

7. gr.

Nú er afnotum fasteignar, sem metin er sem ein heild, þann veg háttáð, að greiða ber fasteignaskatt af henni samkvæmt báðum gjaldflokkum 2. og 3. gr., og skulu þá þeir, sem annast mat nýbygginga og endurbóta fasteigna, ákveða hlutfallslega skiptingu matsverðs slíkra eigna eftir afnotum.

Til grundvallar skiptingu matsverðs samkvæmt grein þessari skal leggja eignarhlutföllum í eignarskiptasamningi eða rúmmál þess húsnæðis, sem er tengt hvorum flokki afnota. Sveitarstjórn skal þó heimilt að ákvarða hámark lóðarverðs, er fylgt geti íbúðarhúsnæði, þegar svo stendur á, að viðskiptaáhrifa gætir í lóðarverði.

8. gr.

Ef fasteign, sem undanþegin er fasteignaskatti samkvæmt 6. gr. reglugerðar þessarar, er notuð hluta úr ári til atvinnurekstrar, svo sem gistihúsaþahalds, ber að greiða fasteignaskatt af þeim hluta eignarinnar, sem notaður er við starfsemina, í réttu hlutfalli við notkunartímann.

Þegar fasteign er á einu og sama almanaksári notuð þannig, að skattskyld sé samkvæmt 2. gr., og hluta úr ári með þeim hætti, að skattskyld sé samkvæmt 3. gr., ber að ákveða skattinn í réttu hlutfalli við slík afnot.

Hlutfallslega skiptingu matsverðs, sem þörf er á samkvæmt þessari grein, skulu þeir annast, er um ræðir í 7. gr.

Sveitarstjórn leggur á skatt samkvæmt þessari grein miðað við not undanfarandi árs.

9. gr.

Sveitarstjórn annast álagningu og innheimtu fasteignaskatts, sem reiknast af heilum þúsundum matsverðs, og skal sleppa því, sem umfram er.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur sanningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda.

Gjald dagi skattsins er 15. janúar, en heimilt er sveitarstjórn að ákveða, að skatturinn greiðist að hálfu þá og að hálfu síðar á árinu.

10. gr.

Nú verður ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofn fasteignaskatts eða um skiptingu matsverðs skv. 7. og 8. gr., og getur gjaldandi þá kært álagningu skattsins

til hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Kæran skal afhent sveitarstjóra, áður en sex vikur eru liðnar frá álagningu fasteingaskatts, og skal sveitarstjórn hafa lokið úrskurði á kærunni innan tveggja mánaða frá álagningu.

11. gr.

Vilji gjaldandi ekki hlíta úrskurði sveitarstjórnar, sbr. 10. gr., getur hann skotið máli sínu til yfirfasteignamatsnefndar. Kærufrestur er tvær vikur frá því að kærandi barst vitneskja um úrlausn sveitarstjórnar.

Yfirfasteignamatsnefnd leggur úrskurð á ágreiningsefnið innan tveggja mánaða frá því að nefndinni berst kæran.

Ágreiningsefninu, sem nefndin hefur lokið úrskurði á, má skjóta til úrlausnar dómstóla.

12. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur, eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

13. gr.

Leggja skal fasteignaskatt á þær fasteignir, sem metnar eru í fasteignamati 1. janúar á gjaldárinu, og skal skatturinn miðast við fasteignamatsverð eignarinnar á þeim tíma. Þó skal heimilt á árinu 1973 að leggja skatt á fasteignir, sem rétt var að taka í fasteignamat í ársbyrjun, en láðst hefur af einhverjum ástæðum, enda hafi fasteignamat og álagning skattsins farið fram eigi síðar en 1. ágúst 1973.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 8 22. marz 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1973 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. desember 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954,
um sölu og veitingar áfengis.

1. gr.

8. gr. orðist svo:

Veitingastað skal heimilt að leggja allt að 26% á kaupverð hans á áfengi, þegar neytendum er selt vín á hálfum eða heilum flöskum, en þegar sala fer fram í minni skömmtum er veitingastað heimilt að leggja allt að 66% á kaupverðið. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins skal semja verðskrá yfir útsöluverð áfengis á veitingastað, sem gestir eiga aðgang að.

Á verðið eins og það hefur verið ákveðið samkvæmt framansögðu má einungis leggja söluskatt, svo og þjónustugjald, eftir þeim reglum, sem um þessi gjöld gilda.

Áfengisskammtur skal miðaður við 3 cl. Óheimilt skal að nota önnur mælitæki en þau, sem hlotið hafa löggildingu.